

Embættisafgreiðslufundur skipulagsfulltrúa Reykjavíkur samkvæmt viðauka 2.4 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.

Ár 2018, föstudaginn 9. nóvember kl. 09:10, hélt skipulagsfulltrúi Reykjavíkur 704. embættisafgreiðslufund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu skipulagsfulltrúa Borgartúni 12 - 14, 2. hæð, Stardalur.

Fundinn sátu: Björn Axelsson, Ágústa Sveinbjörnsdóttir og Helena Stefánsdóttir.

Eftirtaldir embættismenn kynntu mál á fundinum: Ingvar Jón B. Gíslason, Guðlaug Erna Jónsdóttir, Lilja Grétarsdóttir, Margrét Þormar, Björn Ingi Edvardsson, Hrafnhildur Sverrisdóttir, Sólveig Sigurðardóttir, Hildur Gunnarsdóttir og Jón Kjartan Ágústsson.

Ritari var Erna Hrönn Geirsdóttir.

Þetta gerðist:

- Bjarmaland 10-16, (fsp) nýta þakrými og setja þakglugga/kvist** (01.854.4) Mál nr. SN180758
Skjalnr. 12709
Reynir Finndal Grétarsson, Bjarmaland 16, 108 Reykjavík
Jón Guðmundsson, Látraströnd 12, 170 Seltjarnarnes
Lögð fram fyrirspurn Reynis Finndals Grétarssonar mótt. 16. október 2018 um að nýta innréttað þakrými hússins nr. 16 á lóð nr. 10-16 við Bjarmaland og setja þakglugga/kvist á suðurhlíð hússins, samkvæmt uppdr. Jóns Guðmundssonar arkitekts dags. 9. október 2018.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
- Blesugróf 30, 32 og 34, breyting á deiliskipulagi** (01.885.3) Mál nr. SN180452
Skjalnr. 13691
590117-2260 VMB verkfræðipjónusta ehf., Traðarlandi 2, 108 Reykjavík
490388-1419 Skipulags-,arkitekta-/verkfrst, Garðastræti 17, 101 Reykjavík
Lögð fram umsókn Gests Ólafssonar dags. dags. 14. júní 2018 varðandi breytingu á deiliskipulagi Blesugrófar vegna lóðanna nr. 30, 32 og 34 við Blesugróf. Í breytingunni felst að heimilt er að gera kjallara undir húsum þar sem landhalli leyfir, að svalir, 1,60 m. á breidd, nái út fyrir byggingarreit, hverju húsi fylgja þrjú bílastæði og að á lóðum nr. 30 og 32 er heimilt að byggja einnar hæðar hús með kjallara en tveggja hæða hús án kjallara á lóð nr. 34 við Blesugróf, samkvæmt uppdr. Skipulags, arkitekta- og verkfræðistofunni ehf. dags. 6. desember 2018 br. 14. júní 2018. Einnig er lagt fram minnisblað skrifstofu sviðsstjóra dags. 11. júlí 2018. Jafnframt er lagt fram bréf Skipulags, arkitekta- og verkfræðistofunnar ehf. f.h. Sýrfells ehf. dags. 22. október 2018 þar sem umsókn er dregin til baka og óskað eftir að heimilað verði að reisa tveggja hæða einbýlishús með aukaíbúð, samkvæmt núgildandi deiliskipulagi á núverandi lóð og innan núverandi byggingarreits, en án kjallara og með nýtingarhlutfalli 0,45. Hámark gólfkóta 1. hæðar yrði óbreytt, 10 cm yfir hæð borgarlands í lóðarmörkum.
Umsókn dregin til baka sbr. bréf Skipulags, arkitekta- og verkfræðistofunnar ehf. f.h. Sýrfells ehf. dags. 22. október 2018.
- Fjólugata 19, Innan- og utanhússbreytingar** (01.185.513) Mál nr. BN053919

Guðjón Ingi Árnason, Rauðarárstígur 31, 105 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 26. október 2018 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 23. október 2018 þar sem sótt er um leyfi til að hækka þak, stækka og endurnýja bílskúr og útbúa svalir á hluta þaks, lækka gólf í kjallara, grafa frá suðurhlíð og innréttu nýja íbúð þar, breyta aðkomu, byggja nýjar svalir á 2. hæð og í risi, breyta gluggum og innra skipulagi, einangra að utan og klæða með flísum hús á lóð nr. 19 við Fjólugötu. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 9. nóvember 2018. Lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 29. september 2017. Erindi fylgir bréf hönnuðar dags. 5. desember 2017, umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 4. desember 2017 og minnisblað um brunavarnir dags, 9. nóvember 2017. Einnig útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 9. febrúar 2018 ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 9. febrúar 2018, bréf til nágranna dags. 26. febrúar 2018, samþykki eiganda Sóleyjargötu 17, tveggja eigenda Sóleyjargötu 19, eiganda Sóleyjargötu 17, eins eiganda Sóleyjargötu 15 og eins eiganda Fjólugötu 19A. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 8. júní 2018 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 8. júní 2018. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 29. júní 2018 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 29. júní 2018. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 24. ágúst 2018 fylgir erindi, ásamt fyrri umsögn skipulagsfulltrúa dags. 29. júní 2018. Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 14. ágúst 2018. Gjald kr. 11.000

Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 9. nóvember 2018.

4. **Jöldugróf 6, (fsp) breyting á deiliskipulagi** (01.889.0) Mál nr. SN180692
Skjalnr. 13362
- Arnar Ingi Guðmundsson, Miðtún 60, 105 Reykjavík
- Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 19. október 2018 var lögð fram fyrirspurn Arnars Inga Guðmundssonar dags. 3. október 2018 um breytingu á deiliskipulagi Blesugrófar vegna lóðarinnar nr. 6 við Jöldugróf sem felst í að færa byggingarreit lítillaga til vesturs, færa bílskúrinn austan megin á lóðina o.fl., samkvæmt uppdráttum Kristjánss G. Leifssonar dags. 10. maí 2018, 10. júní 2018 og 18. september 2018. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt uppdráttum dags. 5. nóvember 2018 og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 9. nóvember 2018.
- Ekki eru gerðar athugasemdir við að umsækjandi láti vinna tillögu að breytingu á deiliskipulagi í samræmi við erindið, á eigin kostnað, sbr. umsögn skipulagsfulltrúa dags. 9. nóvember 2018.*
5. **Kópavogur, Hamraborg - deiliskipulagslýsing** Mál nr. SN180782
Skjalnr. 8439
- 700169-3759 Kópavogsbær, Digranesvegi 1, 200 Kópavogur
- Lagt fram erindi skipulagsstjóra Kópavogs dags. 5. nóvember 2018 þar sem óskað er eftir umsögn á skipulagslýsingu fyrir Hamraborg - miðsvæðisskipulag dags. 14. september 2018. Óskað er eftir að umsögn berist eigi síðar en 30. nóvember 2018.
- Vísað til umsagnar deildarstjóra aðalskipulags og verkefnastjóra skipulagsfulltrúa.*
6. **Kringlan 71-93, (fsp) nr. 93 - garðskáli** Mál nr. SN180641
Skjalnr.
- Guðrún Sunna Gestsdóttir, Kringlan 93, 103 Reykjavík
700896-2429 Vektor, hönnun og ráðgjöf ehf., Síðumúla 3, 108 Reykjavík
- Lögð fram fyrirspurn Vektor, hönnun og ráðgjöf ehf. dags. 13. september 2018 um byggingu garðskála við húsið nr. 93 á lóð nr. 71-93 við Kringluna, samkvæmt uppdr. Vektor, hönnun og ráðgjöf ehf. dags. 13. september 2018.
- Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*
7. **Skipholt 26, (fsp) stækkun svala** (01.243.1) Mál nr. SN180667
Skjalnr. 14023

470993-2359 Skipholt 26, húsfélag, Skipholti 26, 105 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Páls B. Sveinssonar f.h. Skipholt 26, húsfélag mótt. 14. september 2018 um stækkun svala á húsinu á lóð nr. 26 við Skipholt og hækka handrið.

Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

8. **Skógarhlíð 10, Breyting á fyrirkomulagi 1, 2 og 3 hæðar** (01.703.401) Mál nr. BN055342
Skjalnr. 10340
490269-6659 Landleiðir ehf., Hásölum 3, 201 Kópavogur
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 6. nóvember 2018 þar sem sótt er um leyfi til að breyta innra fyrirkomulagi og lóðréttum umferðarleiðum gististaðar í flokki IV - tegund d og heildarfjölda gesta, sem fer úr 118 í 126, í húsi á lóð nr. 10 við Skógarhlíð. Gjald kr. 11.000
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
9. **Smiðshöfði 8, (fsp) gististaður** (04.061.3) Mál nr. SN180729
Skjalnr. 6636
680406-3160 Nings ehf., Suðurlandsbraut 6, 108 Reykjavík
700118-1340 Trípólí ehf., Klapparstíg 16, 101 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 2. nóvember 2018 var lögð fram fyrirspurn Arnars G. L. Andrésssonar dags. 17. október 2018 um rekstur gististaðar á 3. hæð hússins á lóð nr. 8 við Smiðshöfða, samkvæmt uppdr. Trípólí ódags. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 9. nóvember 2018.
Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 9. nóvember 2018.
10. **Austurhlíð 10, Fjölbýlishús - mhl. 1-3** (01.271.805) Mál nr. BN055414
Skjalnr. 14039
580377-0339 Byggingarsamvinnufélagið Samtök, Síðumúla 29, 108 Reykjavík
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 6. nóvember 2018 þar sem sótt er um leyfi til að byggja 60 íbúðir í 3 stigahúsum (MHL-1, 2 og 3) á þremur til fimm hæðum ásamt bílakjallara (Mhl-4) á lóð nr. 10 við Austurhlíð.
Stærð: MHL-01: 2.439,9 ferm., 8.166,35 rúmm. MHL-02: 2.318,4 ferm., 7.999,4 rúmm. MHL-03: 2.787,7 ferm., 9.815,1 rúmm. MHL-04: 2.459,3 ferm., 9.815,1 rúmm. Samtals: 10.005,3 ferm., 34.015,85 rúmm. Gjald kr. 11.000
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
11. **Fossvogshverfi - Stjörnugróf 7-11, breyting á deiliskipulagi** (01.85) Mál nr. SN160479
Skjalnr. 5378
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík
Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga skrifstofu eigna og atvinnuþróunar varðandi breytingu á deiliskipulagi Fossvogshverfis vegna lóðanna nr. 7-11 við Stjörnugróf. Í breytingunni felst afmörkun lóða fyrir Stjörnugróf 7 og 9 og gera nýja lóð fyrir Stjörnugróf 11 þar sem heimilt verður að byggja íbúðarkjarna fyrir fatlaða einstaklinga á vegum velferðarsviðs Reykjavíkur, samkvæmt uppdr. A2A arkitekta dags. 2. ágúst 2018. Tillagan var auglýst frá 19. september 2018 til og með 31. október 2018. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Soffía D. Halldórsdóttir dags. 27. október 2018 og Veitur dags. 1. nóvember 2018. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 2. nóvember 2018 og er nú lagt fram að nýju.
Vísað til skipulags- og samgönguráðs.
12. **Jórufell 2-12, nr. 4 - búsetuúrræði** (04.685) Mál nr. SN180742
Skjalnr. 13114
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 26. október 2018 var lagt fram erindi Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur dags. 23. október 2018 þar sem óskað er eftir umsögn skipulagsfulltrúa vegna búsetuúrræðis fyrir fíkla sem reka á í tveimur íbúðum í húsinu að Jórufelli 4, lóð nr. 2-12 við Jórufell. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt tölvupósti Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur dags. 5. nóvember 2018 þar sem beiðni um umsögn er dregin til baka.

Erindi dregið til baka sbr. tölvupósti Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur dags. 5. nóvember 2018.

13. **Köllunarklettsvegur 4, Breyta innra skipulagi** (01.329.702) Mál nr. BN055044
Skjalnr. 5275

601115-3440 A&H ehf., Ásbúð 62, 210 Garðabær

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 7. september 2018 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 4. september 2018 þar sem sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi á 2. hæð, sem skipt verður í 15 vinnustofur fyrir listamenn, koma fyrir svölum á vesturhlið og fellistiga á suðurhlið og skipta rými 0109 á 1. hæð í tvö í húsi á lóð nr. 4 við Köllunarklettsveg. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju. Umsögn Faxaflóahafna um breytingu á deiliskipulagi og samþykki meðeigenda dags. 23. maí 2018 fylgir erindi. Gjald kr. 11.000

Neikvætt. Ekki eru gerðar athugasemdir við að umsækjandi láti vinna tillögu að breytingu á deiliskipulagi vegna svala, á eigin kostnað.

14. **Ármúli 9, breyting á deiliskipulagi** (01.263.0) Mál nr. SN180539
Skjalnr. 6502

560997-3109 Yrki arkitektar ehf, Mýrargötu 26, 101 Reykjavík

Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn Yrki arkitekta ehf. dags. 19. júlí 2018 varðandi breytingu á deiliskipulagi Ármúla, Vegmúla, Hallarmúla vegna lóðarinnar nr. 9 við Ármúla. Í breytingunni felst að notkun bakhússins verði breytt úr bílageymsluhúsi í bílageymsluhús/tæknirými, samkvæmt uppdr. Yrki arkitekta ehf. dags. 19. júlí 2018. Tillagan var grenndarkynnt frá 5. október 2018 til og með 3. nóvember 2018. Engar athugasemdir bárust.

Samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar

15. **Bríetartún 3-5, breyting á deiliskipulagi** (01.22) Mál nr. SN180596
Skjalnr. 13895

530416-0890 J.E. 101 ehf., Stórhöfða 33, 110 Reykjavík

440703-2590 THG Arkitektar ehf., Faxafeni 9, 108 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 31. ágúst 2018 var lögð fram umsókn THG Arkitekta ehf. dags. 22. ágúst 2018 varðandi breytingu á deiliskipulagi Borgartúnsreits 1.220.0 vegna lóðarinnar nr. 3-5 við Bríetartún. Í breytingunni felst að stækka byggingarreit til norðausturs og auka nýtingarhlutfall þannig að heimilaðar verði þrjár hæðir með inndregni þakhæð sem snýr að Bríetartúni, en fimm hæðir að aukinni inndregni þakhæð á norðaustur hluta lóðar, samkvæmt uppdr. THG Arkitekta ehf. dags. 22. ágúst 2018. Einnig er lagt fram bréf THG Arkitekta ehf. dags. 22. ágúst 2018. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.

Vísað til skipulags- og samgönguráðs.

Komi til auglýsingar á breytingu deiliskipulagi, þarf umsækjandi áður að greiða skv. 7.5. gr. gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu nr. 1193/2016.

16. **Hallarmúli 2, breyting á deiliskipulagi** (01.261.1) Mál nr. SN170870
Skjalnr. 13677

560997-3109 Yrki arkitektar ehf, Mýrargötu 26, 101 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 19. október 2018 var lagt fram bréf Skipulagsstofnunar dags. 10. október 2018 þar sem stofnunin getur ekki tekið afstöðu til erindisins þar sem stofnunin telur að athugasemd, sem varðar samræmi við aðalskipulag, hafi ekki verið svarað á fullnægjandi hátt. Auk þess sem skýra þarf betur hvernig aðkoma hópferðabifreiða verður leist. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.

Vísað til skipulags- og samgönguráðs.

17. **Kirkjustétt 2-6, Breyting inni og viðbygging** (04.132.201) Mál nr. BN055202
á vesturhlið + 3. hæð Skjalnr. 9038
530516-0670 M fasteignir ehf., Bæjarlind 14-16, 200 Kópavogur
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 2. nóvember 2018 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa þar sem sótt er um leyfi til að breyta innra fyrirkomulagi og notkun rýma í matshluta 02, einnig er sótt um leyfi til að byggja 3. hæð ofan á núverandi hús sem og viðbyggingu við vesturhlið húss á lóð nr. 2-6 við Kirkjustétt. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 9. nóvember 2018.
Stækkun: 772,0 ferm., 2.547,0 rúmm. Erindinu fylgir samþykki meðlóðarhafa á breytingu á deiliskipulagi, dagsett 28. mars. 2017. Gjald kr. 11.000
Umsögn skipulagsfulltrúa samþykkt, dags. 9. nóvember 2018.
18. **Krókavað 1-11, Stækka íbúð** (04.731.801) Mál nr. BN055382
Edilon Hreinsson, Krókavað 1, 110 Reykjavík Skjalnr. 13866
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 6. nóvember 2018 þar sem sótt er um leyfi til að stækka íbúð með viðbyggingu á vesturhlið húss nr. 1 á lóð nr. 1-11 við Krókavað. Gjald kr. 11.000
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
19. **Miðtún 82, (fsp) - Samþykkt á áðurgerðri** (01.235.110) Mál nr. BN055297
íbúð Skjalnr. 14038
Sigurður Harðarson, Njarðargata 41, 101 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 2. nóvember 2018 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa þar sem spurt er hvort áður gerð (ósamþykkt) íbúð í risi fengist samþykkt sem íbúð í húsi nr. 82 við Miðtún. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 9. nóvember 2018.
Neikvætt með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa, dags. 9. nóvember 2018.
20. **Skúlagata 26 og 30, breyting á deiliskipulagi** (01.154.3) Mál nr. SN180575
531006-3210 Rauðsvík ehf., Skúlagötu 30, 101 Reykjavík Skjalnr. 5244
710178-0119 T.ark Arkitektar ehf., Hátúni 2B, 105 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 31. ágúst 2018 var lögð fram umsókn Tark Arkitekta ehf. dags. 13. ágúst 2018 varðandi breytingu á deiliskipulagi reits 1.154.3, Barónsreits, vegna lóðanna nr. 26 og 30 við Skúlagötu. Í breytingunni að bílastæðaskilmálar íbúða breytist frá því að vera 1 blst/íbúð í 1 blst á 120 fm. íbúðarhúsnæðis, stækka byggingarreit Skúlagötu 26 um 0,8 m. og breyta hluta almennra bílastæða á borgarlandi í rútustæði, samkvæmt uppdr. T.ark Arkitekta ehf. dags. 13. ágúst 2018. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.
Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu fyrir hagsmunaaðilum að Skúlagötu 28, 30, 32 og 34 og Hverfisgötu 83 og 85-91.
Vakin er athygli á að erindið fellur undir lið 7.6 gr. í gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1193/2016.
21. **Sólheimar 42, Stækka svalir og fl.** (01.435.203) Mál nr. BN054975
Kristín Baldursdóttir, Sólheimar 42, 104 Reykjavík Skjalnr. 13701

Að lokinni grenndarkynningu er lagt fram að nýju erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 14. ágúst 2018 þar sem sótt er um leyfi til að setja tvær hurðir á vesturhlíð kjallara, stækka svalir á 2. hæð ásamt því að gerð er grein fyrir áður gerðum svölum á 2. hæð vesturhlíðar á húsi á lóð nr. 42 við Sólheima. Erindi var grenndarkynt frá 5. október 2018 til og með 3. nóvember 2018. Engar athugasemdir bárust.

Samþykki meðeigenda fylgir erindi dags. 21. janúar 2018. Bréf frá hönnuður vegna breytingar á umsókn dags. 31. júlí 2018. Gjald kr. 11.000

Samþykkt með vísan til viðauka um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.

Vísad til fullnaðarafgreiðslu byggingarfulltrúa.

22. **Laugavegur 25, (fsp) veggur við lóðarmörk** (01.172.0) Mál nr. SN180736
Skjalnr. 12241
Ingunn Helga Hafstað, Blönduhlíð 7, 105 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 2. nóvember 2018 var lögð fram fyrirspurn Ingunnar Helgu Hafstað dags. 22. október 2018 ásamt bréfi dags. 22. október 2018 um að setja 1,8 til 2,0 metra háan vegg á lóðarmörkum lóðarinnar nr. 25 við Laugaveg. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 9. nóvember 2018.
Umsögn skipulagsfulltrúa samþykkt, dags. 9. nóvember 2018.
23. **Laugavegur 37, Flóttapallur** (01.172.116) Mál nr. BN055389
Skjalnr. 9463
650308-0180 Smáfuglar ehf., Pósthólf 806, 121 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 6. nóvember 2018 þar sem sótt er um leyfi til að setja upp flóttapall með fallvörn við núverandi fellistiga í stað skyggis sem hefur verið fjarlægt af húsi nr. 37 við Laugaveg. Gjald kr. 11.000
Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið en óska þarf eftir umsögn Minjastofnunar.
24. **Njálsgata 60, breyting á deiliskipulagi** (01.190.3) Mál nr. SN180771
Skjalnr. 7921
531107-0550 Arkís arkitektar ehf., Kleppsvogi 152, 104 Reykjavík
431014-1060 Mannvirki ehf., Skútuvogi 11a, 104 Reykjavík
Lögð fram umsókn Arkís arkitekta ehf. dags. 5. nóvember 2018 varðandi breytingu á deiliskipulagi Njálsgötureits, reitur 1.190.3, vegna lóðarinnar nr. 60 við Njálsgötu. Í breytingunni felst að skilmálatafla er uppfærð, húsheiti Njálsgata 60 og Njálsgata 60A eru sameinuð undir heitinu Njálsgata 60 og byggingareit breytt þannig að hann bjóði upp á betri nýtingu byggingar og garðrýmis, samkvæmt uppdr. Arkís arkitekta ehf. dags. 30. október 2018. Einnig eru lagðir fram skýringaruppdrættir dags. 16. október 2018.
Vísad til skipulags- og samgönguráðs.
Komi til auglýsingar á breytingu deiliskipulagi, þarf umsækjandi áður að greiða skv. 7.5. gr. gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu nr. 1193/2016.
25. **Elliðaárdalur frá Rafstöðvarvegi vestur fyrir Reykjanesbraut, framkvæmdaleyfi** (04.2) Mál nr. SN180786
Skjalnr. 5813
501213-1870 Veitur ohf., Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík
Lögð fram umsókn Veitna ohf. dags. 7. nóvember 2018 um framkvæmdaleyfi vegna endurnýjun veitukerfa í Elliðaárdal frá Rafstöðvarvegi vestur fyrir Reykjanesbraut. Einnig er lögð fram verklýsing Veitna ohf. ódags., teikningahefti Veitna ohf. dags. í september 2018 og ákvörðun Skipulagsstofnunar dags. 3. september 2018 um matsskyldu.
Vísad til umsagnar verkefnisstjóra.
26. **Klettagarðar 9, tillaga að starfsleyfi fyrir Hringrás** (01.330.7) Mál nr. SN180784
Skjalnr. 8019
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Lagt fram erindi Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur dags. 5. nóvember 2018 þar sem óskað er eftir umsögn skipulagsfulltrúa á tillögu að starfsleyfi fyrir Hringrás sem komin er í auglýsingu. Tillagan nær til móttöku á brotamálmi, bifreiða og vélaverkstæðis, móttökustöðvar fyrir ökutæki til förgunar og flutnings spilliefna. Óskað er eftir umsögn skipulagsfulltrúa einkum um hvað varðar gildistíma leyfis.

Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

27. **Krókháls 9 og 11, (fsp) afnot af borgarlandi** (01.332) Mál nr. SN180674
Skjalnr. 11856
500299-2319 Landslag ehf, Skólavörðustíg 11, 101 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 2. nóvember 2018 var lögð fram fyrirspurn Landslags ehf. dags. 27. september 2018 ásamt greinargerð dags. 12. september 2018 varðandi afnot af borgarlandi norðan við Krókháls 9 og 11. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 9. nóvember 2018.
Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 9. nóvember 2018.
28. **Sundahöfn, norðan Vatnagarða, breyting á deiliskipulagi** (01.332) Mál nr. SN180743
Skjalnr. 9634
530269-7529 Faxaflóahafnir sf., Tryggvagötu 17, 101 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 2. nóvember 2018 var lögð fram umsókn Faxaflóahafna sf. dags. 24. október 2018 ásamt bréfi dags. 24. október 2018 varðandi breytingu á deiliskipulagi Vatnagarða vegna Sundahafnar. Í breytingunni felst að skilgreina tvo byggingarreiti á lóð Sægarða 9, stækka og breyta sérskilmálum fyrir lóð Sægarða A og gera nýjar lóðir fyrir dreifistöð Sægarðar 13 og spennistöð Sægarðar 17, samkvæmt uppd. Arkís arkitekta ehf. dags. 15. október 2018. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.
*Vísað til skipulags- og samgönguráðs.
Komi til auglýsingar á breytingu deiliskipulagi, þarf umsækjandi áður að greiða skv. 7.5. gr. gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu nr. 1193/2016.*
29. **Freyjubrunnur 23, breyting á deiliskipulagi** (02.695.4) Mál nr. SN180649
Skjalnr. 11587
Jón Hrafn Hlöðversson, Holtsbúð 27, 210 Garðabær
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 19. október 2018 var lögð fram umsókn Jóns Hrafn Hlöðverssonar dags. 18. september 2018 um breytingu á deiliskipulagi að Freyjubrunni 23. Í breytingunni felst að fjölga íbúðum úr fimm í átta, auka byggingarmagn og setja stakstætt sorpskýli úti á lóðinni samkv. upprætti Mansard teiknistofu dags. 3. september 2018. Einnig eru lagðar fram greinargerð dags. 18. september og bréf borgarlögmans dags. 5. september 2018. Erindinu var frestað, umsækjandi hafi samband við embættið, og er nú lagt fram að nýju.
*Vísað til skipulags- og samgönguráðs.
Komi til auglýsingar á breytingu deiliskipulagi, þarf umsækjandi áður að greiða skv. 7.5. gr. gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu nr. 1193/2016.*
30. **Hjallavegur 35, (fsp) svalir** (01.384.1) Mál nr. SN180763
Skjalnr. 14037
Karl Ásgeir Geirsson, Hjallavegur 35, 104 Reykjavík
Geir Karlsson, Spítalastigur 5, 530 Hvammstangi
Lögð fram fyrirspurn Karls Ásgeirs Geirssonar og Geirs Karlssonar mótt. 12. október 2018 um að setja svalir á austurhlið 2. hæðar hússins á lóð nr. 35 við Hjallaveg, samkvæmt skissu ódags.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
31. **Nönnubrunnur 1, Bygging sólskála** (05.053.701) Mál nr. BN054582
Skjalnr. 11634
Ólafur Örn Ingólfsson, Nönnubrunnur 1, 113 Reykjavík
Ingibjörg J. Guðmundsdóttir, Nönnubrunnur 1, 113 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 2. nóvember 2018 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa þar sem sótt er um leyfi til uppsetningar á opnanlegu garðskýli úr álrömmum á rennibrautum, glerjað með einföldu samlímdu öryggisgleri á þaksvölum íbúðar 0301 í fjölbýlishúsi á lóð nr. 1. við Nönnubrunn. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 9. nóvember 2018. Samþykki sumra fylgir dags. 10. janúar 2018. og 15. maí 2018 Bréf hönnuðar dags. 16. okt. 2018. Svalaskýli með B rými XX ferm. XX rúmm. *Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið, sbr. umsögn skipulagsfulltrúa dags. 9. nóvember 2018.*

32. **Álftamýri 7-9, breyting á deiliskipulagi** (01.280.1) Mál nr. SN180731
Skjalnr. 7876

490998-2179 Bjarkar ehf, Stigahlíð 59, 105 Reykjavík
691209-1480 Tvíhorf sf., Brúarvogi 1-3, 104 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 26. október 2018 var lögð fram umsókn Gunnars Sigurðssonar dags. 18. október 2018 varðandi breytingu á deiliskipulagi fyrir Álftamýri 1-5 og 7-9 vegna lóðarinnar nr. 7-9 við Álftamýri 7-9. Í breytingunni felst að byggð er ein hæð ofan á núverandi tveggja hæða byggingu og viðbygging á lóðarmörkum lóðar nr. 1-5 við Álftamýri verði hækkuð um tvær hæðir til jafns við aðalhúsið og framlengt að byggingarlínu norðurhlíðar á 2. og 3. hæð, horn jarðhæðar er enn opið, samkvæmt uppd. Tvíhorf ódags. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.

Vísað til skipulags- og samgönguráðs.

Komi til auglýsingar á breytingu deiliskipulagi, þarf umsækjandi áður að greiða skv. 7.5. gr. gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu nr. 1193/2016.

33. **Ásvegur 11, Ofanábygging, svalir og flr.** (01.353.121) Mál nr. BN054831
Skjalnr. 13971

Auður Jóna Erlingsdóttir, Ásvegur 11, 104 Reykjavík

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 6. nóvember 2018 þar sem sótt er um leyfi til að byggja hæð ofaná hús, byggja svalir og utanálíggjandi stigahús, skipta húsi í tvær eignir og innréta geymslur í bílskúr húss á lóð nr. 11 við Ásveg. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 6. júlí 2018 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 6. júlí 2018. Stækkun: 70,2 ferm., 154,3 rúmm. Stærð húss eftir stækkun: 210,6 ferm., 447,1 rúmm. Gjald kr. 11.000

Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið.

34. **Borgartún 1, (fsp) breyting á deiliskipulagi** (01.216.2) Mál nr. SN180751
Skjalnr. 6558

450613-2310 BE eignir ehf., Stórhöfða 34-40, 110 Reykjavík
680504-2880 PKdM Arkitektar ehf., Brautarholti 4, 105 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 2. nóvember 2018 var lögð fram fyrirspurn PKdM Arkitekta ehf. dags. 23. október 2018 ásamt bréfi dags. 26. október 2018 um breytingu á deiliskipulagi Borgartúnsreits vegna lóðarinnar nr. 1 við Borgartún sem felst í auknu byggingarmagni og hækkun hámarkshæðar húss, stækkun lóðar til austurs að lóðinni Borgartún 3 og samsvarandi minnkun þeirrar lóðar o.fl., samkvæmt deiliskipulagsuppd. PKdM Arkitekta ehf. dags. 26. október 2018. Einnig er lagður fram skuggavarsuppd. PKdM Arkitekta ehf. dags. 26. október 2018 og tillaga PKdM Arkitekta ehf. að byggingu á lóðinni dags. 26. október 2018. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 9. nóvember 2018.

Umsögn skipulagsfulltrúa samþykkt, dags. 9. nóvember 2018.

35. **Frakkastígur 14A, Gististaður í flokki II og setja flóttasvalir og björgunarop** (01.182.123) Mál nr. BN054938
Skjalnr. 5575

550703-2890 Svarti ehf, Nóatúni 17, 105 Reykjavík

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 6. nóvember 2018 þar sem sótt er um leyfi fyrir gististað í flokki II, tegund g, fyrir 14 gesti ásamt leyfi til að setja flóttasvalir og björgunarop á norðurhlíð húss á lóð nr. 14A við Frakkastíg.

Meðfylgjandi er umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 10. ágúst 2018. Einnig fylgir útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 17. ágúst 2018, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. ágúst 2018. Gjald kr. 11.000

Vísad til umsagnar verkefnisstjóra.

36. **Snorrabraut 54, (fsp) breyting á deiliskipulagi** (01.193) Mál nr. SN180755 Skjalnr. 5450
681116-1920 Snorrabragur ehf., Laugavegi 7, 101 Reykjavík
660504-2060 Plúsarkitektar ehf, Fiskislóð 31, 101 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Plúsarkitekta ehf. dags. 29. október 2018 um breytingu á deiliskipulagi Heilsuverndarreits vegna lóðarinnar nr. 54 við Snorrabraut sem felst í að færa innkeyrslu í bílakjallara frá suðurhlíð nýbyggingar að Bergþórugötu og setja eins hæða tengigang milli gömlu mjólkurstöðvarinnar og nýbyggingar, samkvæmt tillögu Plúsarkitekta ehf. dags. 26. október 2018.
Vísad til umsagnar verkefnisstjóra.
37. **Hávallagata 9, málskot** (01.160.3) Mál nr. SN180772 Skjalnr. 12958
Herdís Kjerulf Þorgeirsdóttir, Hávallagata 9, 101 Reykjavík
Lagt fram málskot Herdísar Kjerulf Þorgeirsdóttur dags. 5. október 2018 vegna neikvæðrar afgreiðslu skipulagsfulltrúa frá 26. október 2018 um að byggja yfir efri þaksvalir á vesturhlíð hússins á lóð nr. 9 við Hávallagötu.
Vísad til skipulags- og samgönguráðs.
38. **Nauthólsvegur frá Hringbraut að Flugvallarvegi, framkvæmdaleyfi** (01.7) Mál nr. SN180734 Skjalnr. 12577
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 26. október 2018 var lögð fram umsókn Skrifstofu framkvæmda og viðhalds dags. 19. október 2018 um framkvæmdaleyfi vegna hækkunar Nauthólsvegar frá Hringbraut að Flugvallarvegi og frágang við byggingar á Hlíðarenda. Einnig eru lagðar fram teikningar Mannvits dags. í september 2018 ásamt yfirlitsmynd. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 9. nóvember 2018.
Samþykkt að gefa út framkvæmdaleyfi með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 9. nóvember 2018.
Vísad til skrifstofu sviðsstjóra til útgáfu framkvæmdaleyfis. Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir útgáfu framkvæmdaleyfis skv. gr. 5.2 í . gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1193/2016.
39. **Tryggvagata 13, (fsp) breyting á deiliskipulagi** (01.117.4) Mál nr. SN180769 Skjalnr. 8228
610102-2980 Hús og skipulag ehf, Bolholti 8, 105 Reykjavík
580814-0690 T13 ehf., Bolholti 8, 105 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Hildigunnar Haraldsdóttur dags. 2. nóvember 2018 ásamt bréfi dags. 1. nóvember 2018 um breytingu á deiliskipulagi Kvosarinnat vegna lóðarinnar nr. 13 við Tryggvagötu sem felst í að breyta notkun á 15 íbúðum í austari stigagangi í gististað/hótelíbúðir.
Vísad til umsagnar verkefnisstjóra.
40. **Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030, miðsvæði M2c-M2g. Múlar-Suðurlandsb,** Mál nr. SN170741 Skjalnr. 5987

*breyting á aðalskipulagi - heimildir um
íbúðarhúsnæði*

Að lokinni kynningu er lögð fram að nýju drög að tillögu umhverfis- og skipulagssviðs dags. 1. september 2018 fyrir miðsvæði M2c-M2g, Múlar- Suðurlandsbraut, er varðar kröfu um gerð deiliskipulags við breytingu húsnæðis á svæði M2e. Drög að tillögu var kynnt til og með 7. nóvember 2018. Eftirtaldir aðilar sendur umsagnir: Mosfellsbær dags. 29. október 2018 og Bláskógabyggð dags. 1. nóvember 2018.

Vísad til meðferðar deildarstjóra aðalskipulags.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 14:19.

Björn Axelsson

Ágústa Sveinbjörnsdóttir

Helena Stefánsdóttir